



Fundargerð

357. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 10. október 2013 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK) og Björn Samúelsson (BS) í forföllum Sveins Ragnarssonar (SR). Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 356. fundur sveitarstjórnar 12. september 2013.

Farið yfir fundargerðina. Fundagerðin samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- og byggingarnefnd 7. október 2013.

Farið yfir fundargerðina.

1209011 – Gatnagerðargjöld í Reykhólahreppi.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.

1309040 – Ljósleiðaralögn frá tengivirki í Geiradal að tækjahúsi í Mílu í Króksfjarðarnesi.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

1209009 – Búfjársamþykkt fyrir Reykhólahrepp.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

1310001 – Framkvæmdir við aðgengi að stjórnsýsluhúsi.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

3. Mennta- og menningamálanefnd 1. október 2013.

Farið yfir fundargerðina.

1309019 – Aðbúnaður nemenda í Reykhólaskóla.

Erindinu vísað í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013.

1309020 – Ósk um iðjupálfa í Reykhólaskóla.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

1309021 – Ósk um námsvist utan lögheimilissveitarfélags í Reykhólaskóla.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1309026 – Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis hausið 2013.

Erindi frá formanni fjárlaganefndar Alþingis dagsett 26. september 2013.

Sveitarstjóri og SR gangi fyrir nefndina með málefni hreppsins. Samþykkt einu hljóði.

2. 1309027 – Samningur um sveitarstjórnartryggingar 2014-2019.

Endurnýjaður samningur frá Vátryggingafélagi Íslands.

Samningurinn samþykktur. B.S. sat hjá.

3. 1309028 – Afskriftir þing- og sveitarsjóðsgjalda.

Erindi frá Sýslumannsembættinu á Patreksfirði dagsett 16. september 2013.

Erindið samþykkt samhljóða.

4. 1309029 – Þingsályktun um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 44. mál.

Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis dagsett 23. september 2013.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

Til kynningar

5. 1309030 – Man and the Biosphere prógramm UNESCO sem grunnur byggðapróunar.

Kynning frá Alta ehf. dagsett 26. september 2013.

Kynnt.

6. 1309031 – Ágóðahlutagreiðsla 2013.

Erindi frá EBÍ dagsett 6. september 2013, þar sem fram kemur hlutdeild Reykhólahrepps í Sameignasjóði EBÍ.

Kynnt.

7. 1304028 – Krani í Flatey, undirrituð samþykkt.

Lagt fram.

8. 1309032 – Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Vitundarvakning.

Erindi frá innanríkisráðuneytinu dagsett 18. september 2013.

Lagt fram.

9. 1309033 – Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndanefnda sveitarfélaga 2013.

Bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 24. september 2013.

Lagt fram.

10. 1309034 – Lögmansþjónusta fyrir sveitarfélagið og landeigendur vegna þjóðlendumála.

Erindi frá Draupni lögmansþjónustu dagsett 9. september 2013.

Lagt fram.

11. 1309035 – Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps, ársreikningur 2012.

Ársreikningur lagður fram á fundi.

Lagður fram.

12. 1309036 – Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 16. ágúst og 6. september 2013.

Kynnt.

13. 1309037 – Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 6. september 2013.

Kynnt.

14. 1309038 – Fundargerð 808. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.25.
